

5. Skólastjóri skal fá eitt ár til að undirbúa stofnun og starfrækslu skólans í samráði við skólanefnd. Sama gildir um kennara, ef ráðnir verða. Auk almenns undirbúnings skal skólastjóri hafa umsjón með skipulagningu námskeiða, sbr. 3. gr., og verklegrar þjálfunar, sbr. 10. gr.
6. Bókleg kennsla í skólanum skal hafin að loknu undirbúningsári skólastjóra.

*Gjört í Reykjavík 15. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

## L Ö G

### um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Greiða skal þingflokki tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks.

##### 2. gr.

Á fjárlögum skal hverju sinni ákveða, hve miklu fé skuli varið til aðstoðar þingflokkum samkvæmt lögum þessum.

##### 3. gr.

Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórnmálaflokks, er hefur komið á fót landssamtökum.

##### 4. gr.

Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ. e. 1. febr., 1. maí o. s. frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ. e. 1. jan., 1. apríl o. s. frv.

Þingflokkur ræður sjálfur ráðstöfun þess fjár, er í hans hlut kemur.

##### 5. gr.

Forsetar Alþingis setja í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár, sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

##### 6. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forsetum Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár, er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum, eftir nánari reglum, er forsetar setja. Sama gildir um þingmann utanflokka.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Á þessu ári skal varið 3.4 millj. kr. til aðstoðar við þingflokka samkvæmt lögum þessum.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Alþingismaður nýtur launa samkvæmt launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins, og greiðist  $\frac{1}{2}$  hluti árslauna mánaðarlega. Launin greiðist frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur.

## 2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Starfsmaður ríkisins eða ríkisstofnunar, sem er alþingismaður og aðeins getur gegnt starfi sínu milli þinga, skal auk þingfararkaups aðeins fá greidda  $\frac{1}{10}$  hluta árslauna. Starfsmaður, sem gegnir starfinu með þingsetunni og mætir daglega til vinnu, skal njóta  $\frac{3}{5}$  árslauna. Ef starfsmaður launar sjálfur þann, er gegnir starfinu í fjarveru hans, skal hann fá það endurgreitt. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um ráðherralaun.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1971.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*